

Atlastaðir sumarhúsafélag – Sævar Hjörleifsson
Sundstræti 34
400 Ísafjörður

Reykjavík, 1. júlí 2022
UST202206-317/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til viðhalds mannvirkja í Fljótavík

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Sævars Hjörleifssonar, f.h. Atlastaða sumarhúsafélag, vegna viðhalds á mannvirkjum í Fljótavík innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir heimild til að hreinsa stórgrýti úr nýlegum varnargarði við landingaraðstöðu í Fljótavík, en Umhverfisstofnun veitti heimild fyrir gerð hans í bréfi dags. 10. janúar 2022. Til verksins verður notuð grafa sem flutt verður yfir á pramma.

Jafnframt er óskað eftir heimild til að lagfæra slóða á svæðinu. Slóðinn sem um ræðir hefur verið verið skilgreindir í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins sem leið sem heimilt er að keyra eftir á fjórhjólum til að flytja búnað og vistir. Lagfæringarnar eru hugsaðar til að koma í veg fyrir utan vega akstur á svæðinu en slóðin er farin að grafast niður í bleytu. Stefnt er að því að gera tilraun með að setja niður plastgrindur (líkt og epoxy) til að halda jarðvegi í slóðanum. Í sumar verður þetta prófað á ca 10-20 metra kafla sem getur skipts í nokkra minni búta en stefnt er að því að fara í lagfæringar á þeim hluta þar skemmdirnar eru hvað mestar. Fara þarf í efnisnám í ca 20 metra fjarlægð frá slóðanum og er óskað eftir heimild til að aka gröfunni eftir aflögðum slóða eingöngu til þessa verks og taka efni þaðan í slóða. Gengið verður frá svæðinu á eftir, þannig að ekki á að þurfa að sjást að farið hafa verið um það. Ráðgert er að flytja gröfuna inn á svæðið þann 1. júlí og aðrar framkvæmdir verða unnar á næstu 4 vikum – allt eftir veðri og ástandi svæðisins. Að ári verður svo árangur metinn og tekin afstaða til hvort að fara eigi í frekari lagfæringar á slóðum með sama hætti.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, lífríki og náttúrufar sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Um er að ræða viðhald á mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu. Lagfæring slóðans er til þess fallin að minnka gróðurrof og koma í veg fyrir akstur utan vega. Gróðurþekja verður rofin á smá kafla, þar sem efnisnám

fer fram, en hægt er að draga úr áhrifum þess með því að geyma gróðurþekjuna og setja hana aftur í sárið, til að loka því.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Sævari Hjörleifssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir viðhaldi mannvirkja í Fljótavík innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréf til 31. ágúst 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka gröfunni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar. Nýta skal staðargróður við uppgræðslu á sárum vegna framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur